

Undirritaðir aðilar, **matvælaráðherra** og **fjármála- og efnahagsráðherra** f.h. íslenska ríkisins og **Bændasamtök Íslands**, hafa með vísan til 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og endurskoðunarákvæða samninga sem gerðir hafa verið á grundvelli framangreindra ákvæða orðið sammála um svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

1. gr.

Markmið samkomulags

Samkomulag þetta varðar endurskoðun þeirra fjögurra samninga sem eru í gildi á grundvelli 30. gr. búvörulaga og 3. gr. búnaðarlaga. Um síðari endurskoðun samninganna er að ræða.

2. gr.

Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar:

- Hlutfall beingreiðslna sem greiddar eru út á greiðslumark verður 33% af heildarstuðningi til sauðfjárræktar frá og með árinu 2024 og út gildistíma samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar, 31. desember 2026. Á móti lækkar hlutfall býlisstuðnings í 16% heildarstuðnings og ullarnýtingargreiðslna í 11,5% heildarstuðnings á sama tímabili. Gerð er grein fyrir fjárhæðum til einstakra verkefna í töflum í viðauka I.
- Fjöldi stærðarflokka eftir gripafjölda í greiðslu býlisstuðnings verður fækkað úr sextán flokkum í átta frá og með árinu 2025. Tafla 2 í viðauka I með samningnum dags. 19. febrúar 2016 verður þá felld úr gildi og kveðið verður á um stærðarflokkana í reglugerð um stuðning í sauðfjárrækt.
- Ónýttar beingreiðslur í sauðfjárrækt verða frá gildistöku þessa samkomulags nýttar í fjárfestingarstuðning í sauðfjárrækt. Frá sama tíma getur fjárfestingastuðningur numið allt að 40% stofnkostnaðar í stað 20% eins og 9. grein samningsins frá 19. febrúar 2016 kveður á um.

3. gr.

Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða

Jarðræktarstyrkir til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til manneldis sbr. 6. gr. samkomulags um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 14. maí 2020 verða frá og með árinu 2024 greiddir fyrir ræktun yfir fjórðungi ($\frac{1}{4}$) af hektara í stað eins hektara.

4. gr.

Rammamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins

Fjármagn til leiðbeiningaþjónustu helst óbreytt árin 2025 og 2026 á verðlagi 2024. Sjá töflu í viðauka I sem skoðast sem hluti samkomulags þessa.

Í 5. gr. rammasamningsins frá 2016, sbr. síðari breytingar frá 2021 mun framlögum út samningstíma verða varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta, og annarra niturbindandi plantna.

5. gr.

Ýmis ákvæði

Frá 2024 verður þróunarfé garðyrkju ráðstafað af matvælaráðuneytinu með sama hætti og þróunarfé í sauðfjár- og nautgriparækt samkvæmt ákvæðum rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins. Ráðuneytið úthlutar styrkjum að fenginni umsögn fagráðs í garðyrkju, en horfið verður frá því að framkvæmdanefnd búvörusamninga geri tillögu að úthlutun til ráðherra. Meðmæli fagráðs er forsenda styrkveitingar.

Fjármagni sem ekki er ráðstafað til aðlögunar að lífrænni ræktun í garðyrkju- og rammasamningi er heimilt að ráðstafa til aðgerða í samræmi við aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar ræktunar að tillögu framkvæmdanefndar.

Önnur ákvæði þeirra fjögurra samninga sem eru hér endurskoðaðir og er ekki breytt á grundvelli samkomulags þessa standa óbreytt.

6. gr.

Gildistími

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til og með 31. desember 2026.

Bókun um starfshópa frá fyrri endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar.

Í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 25. október 2019 var kveðið á um þrjá starfshópa sbr. 3., 4. og 5. gr. samkomulagsins. Í kjölfarið voru skipaðir starfshópar um loftslagsmál í nautgriparækt, verðlagsmál og aðlögunarsamninga, minni bú o.fl. Starfshópur um loftslagsmál skilaði skýrslu í maí 2020. Í skýrslunni lagði starfshópurinn megináherslu á að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar yrðu fram að næstu endurskoðun búvörusamninga vegna loftslagsverkefna í nautgriparækt yrðu nýttir annars vegar til að bæta gögn vegna losunarbókhalds í nautgriparækt og hins vegar til fræðsluverkefna. Starfshópur um verðlagsmál skilaði skýrslu í maí 2021. Starfshópurinn gerði tilgreindar tillögur um breytingar er vörðuðu m.a. endurskoðun á verðlista mjólkurvara, endurskoðun reiknilíkana verðlagsbús og mjólkurðiðnaðar og að söfnun og sala á hrámjólk verði aðskilin frá bókhaldi annarra starfsemi markaðsráðandi fyrirtækis. Þá lagði starfshópurinn til að ákvörðun lágmarksverðs til bænda og mjólkur í lausu máli verði í höndum verðlagsnefndar, og að ákvörðun heildsöluverðs ákveðinna mjólkurvara verði einnig í höndum verðlagsnefndar. Starfshópur um aðlögunarsamninga, minni bú o.fl. skilaði skýrslu í nóvember 2021. Starfshópurinn gerði tillögu um að bú með básafjós nytu forgangs við úthlutun fjárfestingarstuðnings í nautgriparækt til að gera þeim auðveldara að mæta velferðarkröfum.

Bókun um flutnings- og dreifingarkostnað raforku til ylræktenda.

Ekki náðist samkomulag um leiðir til að festa hlutfallið í 95%.

Bókun um loftlagsmál

Það er sameiginlegt markmið samningsaðila að landbúnaður á Íslandi verði kolefnishlutlaus eigi síðar en árið 2040. Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að hefja undirbúning innleiðingar á loftslagsbókhalda landbúnaðarins í því skyni að bæta og auka skráningu á losun og bindingu kolefnis og eftir atvikum öðrum umhverfisupplýsingum hjá einstökum framleiðendum sem fá stuðningsgreiðslur samkvæmt samningum.

Bókun um endurskoðun samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Samningsaðilar eru sammála um að forsendur fyrir tollasamningi Íslands og Evrópusambandsins sem tók gildi í maí 2018 eru breyttar, sérstaklega hvað varðar útflutningstækifæri. Samningsaðilar eru sammála um að meginmarkmið yfirstandandi endurskoðunar samningsins verði að auka jafnvægi milli skuldbindinga samningsaðila út frá ávinningi af samningnum.

Bókun um næstu skref

Aðilar samningsins eru sammála um að hefja nú þegar samtali um starfsumhverfi landbúnaðar í heild sinni til framtíðar.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. janúar 2024.

f.h. ríkisstjórnar Íslands

f.h. Bændasamtaka Íslands

Svandís Svavarsdóttir

Gunnar Þorgeirsson

matvælaráðherra

Formaður Bændasamtaka Íslands

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

fjármála- og efnahagsráðherra

Bókun Bændasamtaka Íslands

Þar sem engir nýir fjármunir verða settir inn í samning um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar lítur samninganefnd bænda svo á að ekki séu forsendur til að gera breytingar á samningnum, en lögð er áhersla á að hefja vinnu hið fyrsta við heildarendurskoðun samnings sem taki gildi 1. janúar 2027.

Tollvernd er hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins. Bændasamtök Íslands telja að tollvernd þarfnist áframhaldandi skoðunar í kjölfar skýrslu frá fjármálaráðuneytinu frá október 2023 sem vitnar í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2022. Staðfest er að eftirlit með innfluttum landbúnaðarvörum er verulega ábótavant, þá sér í lagi varðandi magntolla samkvæmt tollskrá. Gjöld tollskrár hafa ekki breyst frá árinu 1996 og því ekki haldið í við verðlag nema að litlu leyti. Því er brýnt að uppreikna tollverndina á þessum verðbólgutímum.

Viðauki I

Tafla I – fjárhæðir á verðlagi ársins 2024 í milljónum króna.

Sauðfjársamningur	2024	2025	2026
Beingreiðslur - greiðslumark	2.154	2.132	2.110
Gæðastýring - álagsgreiðslur	2.121	2.100	2.078
Býlisstuðningur	1.044	1.034	1.023
Ullarnýting	751	743	735
Fjárfestingastuðningur	131	129	128
Svæðisbundinn stuðningur	196	194	192
Aukið virði afurða	131	129	128
Samtals sauðfjársamningur	6.526	6.460	6.393
Garðyrkjusamningur	2024	2025	2026
Beingreiðslur vegna framleiðslu (A)	372	367	364
Beingreiðslur vegna raforku - lýsing	487	487	486
Beingreiðslur (B)	48	48	48
Þróunarfjármunir	61	60	60
Kynbótafjármunir	19	19	19
Jarðræktarstyrkir	91	91	89
Kolefnishlutleysi	19	19	19
Lífræn framleiðsla	13	13	13
Samtals garðyrkjusamningur	1.111	1.104	1.099
Nautgripasamningur	2024	2025	2026
Greiðslur út á greiðslumark	2.680	2.653	2.625
Greiðslur út á innvegna mjólk	3.145	3.112	3.080
Gripagreiðslur - mjólkurkúr	1.853	1.834	1.815
Gripagreiðslur - holdakúr	327	324	320
Framleiðslujafnvægi	134	133	131
Kynbótastarf	268	265	262
Fjárfestingastuðningur	268	265	262
Nautakjötsframleiðsla	259	256	254
Samtals nautgripasamningur	8.934	8.842	8.750
Rammasamningur	2024	2025	2026
Leiðbeiningaþjónusta	363	363	363
Kynbótaverkefni	24	23	23
Jarðræktarstyrkir	473	469	465
Þróunarfjármunir búgreina	76	75	74
Lífræn framleiðsla	13	13	13

Skógarafurðir	20	20	20
Landgreiðslur	475	472	470
Mat á gróðurauðlindum	40	40	39
Nýliðun	171	170	169
Geitfjárrækt	20	20	20
Erfðanefnd landbúnaðarins	9	9	9
Framlag til Bændasamtaka Íslands	63	63	63
Samtals rammasamningur	1.781	1.771	1.760

Tafla II – breytingar á fjárhæðum og tilfærslur milli liða skv. 2. gr. og 4. gr. í samkomulagi þessu.

Sauðfjársamningur²	2024	2025	2026
Beingreiðslur - greiðslumark	335,6	329,5	323,3
Gæðastýring - álagsgreiðslur	-1,1	-4,0	-7,0
Býlisstuðningur	-167,1	-167,7	-167,7
Ullarnýting	-159,6	-158,6	-158,4
Fjárfestingastuðningur	-2,2	-2,6	-2,7
Svæðisbundinn stuðningur	-2,9	-3,1	-3,3
Aukið virði afurða	-2,9	-2,8	-2,7
Samtals breytingar	0,0	-9,2	-18,4

Garðyrkjusamningur	2024	2025	2026
Beingreiðslur vegna framleiðslu (A)	0,0	-0,5	-1,0
Beingreiðslur vegna raforku - lýsing	0,0	-0,7	-1,4
Beingreiðslur (B)	0,0	-0,1	-0,1
Þróunarfjármunir	0,0	-0,1	-0,2
Kynbótafjármunir	0,0	0,0	-0,1
Jarðræktarstyrkir	0,0	-0,1	-0,3
Kolefnishlutleysi	0,0	0,0	-0,1
Lífræn framleiðsla	0,0	0,0	0,0
Samtals breytingar	0,0	-1,6	-3,2

Nautgripasamningur	2024	2025	2026
Greiðslur út á greiðslumark	0,0	-3,8	-7,6
Greiðslur út á innvegna mjólk	0,0	-4,4	-8,9
Gripagreiðslur - mjólkurkýr	0,0	-2,6	-5,2
Gripagreiðslur - holdakýr	0,0	-0,5	-0,9
Framleiðslujafnvægi	0,0	-0,2	-0,4
Kynbótastarf	0,0	-0,4	-0,8
Fjárfestingastuðningur	0,0	-0,4	-0,8
Nautakjötsframleiðsla	0,0	-0,4	-0,7

Samtals breytingar	0,0	-12,6	-25,2
Rammasamningur	2024	2025	2026
Leiðbeiningaþjónusta ¹	0,0	25,3	50,8
Kynbótaverkefni	0,0	0,0	-0,1
Jarðræktarstyrkir	0,0	-0,7	-1,3
Próunarfjármunir búgreina	0,0	-0,1	-0,2
Lífræn framleiðsla	0,0	0,0	0,0
Skógarafurðir	0,0	0,0	-0,1
Landgreiðslur	0,0	-0,7	-1,4
Mat á gróðurauðlindum	0,0	-0,1	-0,1
Nýliðun	0,0	-0,2	-0,5
Geitfjárrækt	0,0	0,0	-0,1
Erfðanefnd landbúnaðarins	0,0	0,0	0,0
Framlag til Bændasamtaka Íslands	0,0	-0,1	-0,2
Samtals breytingar	0,0	23,3	46,8

¹ Framlag til leiðbeiningaþjónustu aukið árið 2025 og 2026 til samræmis við framlag ársins 2024. Viðbótarframlög fjármögnuð hlutfallslega af öðrum liðum allra samninga skv. 4. gr. samkomulagsins.

² Liðir samnings um starfsskilyrði í sauðfjárrækt verða hlutfallslega óbreyttir frá árinu 2024 skv. 2. gr. samkomulagsins.